

Jafnréttisáætlun Geislabaugs 2015-2016

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að kennarar og aðrir starfsmenn í Geislabaugi verði meðvitaðri um jafnréttismál og mikilvægi jafnréttiskennslu leikskólabarna. Að kennarar verði jafnréttis fyrirmyndir.	Fyrirlestrar um jafnréttismál tvisvar sinnum á ári, á starfsdögum, jafnréttisáætlun gerð á hverju hausti,	Skólastjórnendur og deildarstjórar	september 2015 til mars 2016
Að Kennarar skoði umhverfið í leikskólanum með gagnrýnum hætti til að vinna að „kynhlutlausu“ umhverfi	Umhverfið og leikefniviður yfirfarið með kynjagleraugum árlega. Jafnréttisgátlistinn fylltur út á deildarfundum tvisvar á ári	Skólastjórnendur og deildarstjórar	september 2015 – maí 2016
Framfylgja jafnréttisstefnu Geislabaugs sem rauðum þræði í öllu okkar starfi.	Leggja áherslu á jafnrétti í námskrá leikskólans og ársáætlunum fyrir hvert ár.	Stofnuð verði jafnréttisnefnd sem mótar jafnréttisstefnu leikskólans til framtíðar.	September 2015
Að vekja athygli á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna hér á landi	Fræða börnin um jafnréttisbaráttu kvenna fyrir kosningarrétti og útskýra fyrir þeim mikilvægi lýðræðis.	Stjórnendur og deildarstjórar	Október 2015
Yfirfara bækur, sönglög og leikefnivið með gagnrýnum hætti og taka út það efni sem styður við staðlaðar kynjaímyndir.	Notum opinn efnivið sem styður við ímyndunarafl barnanna. Notum bækur, söngtexta, myndi og verkefni til að hvetja börnin til að stíga út fyrir „kynjalandaærin“	Deildarstjórar	Alltaf
Jafnréttisfræðsla kemur að: jafnrétti kynjanna; fatlaðs fólks; hinsegin fólks; fólks af mismunandi litarhætti og fólks frá mismunandi menningarheimum.	Fylgst með dögum á dagatalinu sem tengjast áföngum í jafnréttisbaráttu á víðum grundvelli og haldi uppá þá daga eftir efnum og aðstæðum.	Stjórnendur og aðrir starfsmenn með tilliti til áhuga og þekkingar.	Alltaf